



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kotlevík - Hjarbúvik
Pósthólf 100 Sími 92-8100

31. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skrifstofu skólameistara mánudaginn 30. október 1978 og hófst hann kl. 17.10. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Bergmann Þorleifsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Jósef Borgarsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Böðvarsson, skólameistari og Ægir Sigurðsson, fulltrúi Kennarafélags F.S.

Þetta gerðist:

1. Yfirlit um fjármál nýbyggingar:

Skólameistari gerði grein fyrir skuldum vegna byggingaframkvæmda, en þær reynast vera 50.137.912 krónur. Þar af eru kr. 27.892.000 umsamdar greiðslur á árinu 1979, - en afgangurinn, kr. 22.245.912 ýmist gjaldfallnar skuldir eða víxlar sem greiða skal í nóvember eða desember næstkomandi.

Formaður skólanefndar, skólameistari og Ingvar Jóhannsson gerðu grein fyrir hugsanlegum fjáröflunarleiðum, m.a. lántökum í Alþýðubanka og Lónaðarbanka (fyrir milligöngu lífeyrissjóðs Löju - félags verksmiðjufólks) og væntanlegri fyrirframgreiðslu á hluta af stofnfjárframlagi ríkissjóðs fyrir árið 1979.

Samþykkt var að senda fjárveitinganefnd skuldalista og fara fram á að ríkissjóður greiddi á árinu 1979 sinn hlut af beinum byggingakostnaði og stofnbúnaði í samræmi við byggingarsamning. Einnig var ákveðið að skrifa sveitarfélögunum og gera þeim grein fyrir hver stofnfjárframlög þeirra þyrftu að vera - miðað við að ríkissjóður stæði að fullu við sitt.

2. Skólameistari og formaður skólanefndar hafa skoðað iðnaðarhús Einars Gunnarssonar við Iðavelli sem unni er að fá keypt fyrir kr. 65.000.000.- -sextiu og fimm milljónir króna. Samþykkt að skrifa bréf til fjárveitinganefndar og fara þess á leit að fjárveiting verði veitt til þessara kaupa á árinu 1979.
3. Í desembermánuði verður brautskráður fyrsti árgangur flugmanna sem numið hafa bóklegar greinar sem fullnægja kröfum alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAC (International Civil Aviation Organization); einnig fáeinir iðnsveinar og nokkur hópur stúdenta. Ákveðið var að athöfnin fari fram í Félagsbíói. Samþykkt að óska eftir að menntamála- og samgöngumálaráðherra og flugmálastjóri verði þar viðstaddir.
4. Tilkynningar og önnur erindi.
 - a) Ingólfur Halldórsson hefur verið settur yfirkennari við skólann um eins árs skeið. Jafnframt hefur menntamálaráðuneytið framlengt setningu Gísla Sigurkarlssonar og Sveinbjargar Haraldsdóttur um eitt ár.
 - b) Lesið var bréf frá bæjarstjórn Grindavíkur þar sem fram kemur eindregin ósk um að fjölga ferðum til Grindavíkur síðdegis (sjá fylgisskjal). Ingólfi Halldórssyni, Jóni Hólmgeirssyni og Ægi Sigurðssyni falið að finna viðunandi lausn á máli þessu.
 - c) Kynnt var bréf frá menntamálaráðherra þar sem þess er óskað að skólameistari semji í samráði við skólanefnd drög að reglugerð fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

- d) Kynnt var bréf frá starfslíði iðnfræðsluráðs þar sem skólanum er fyrirlagt að gefa iðnnemum einkunnir í tölustöfum. Samþykkt var einróma að fela skólameistara að fara þess á leit við menntamálaráðherra að breytt verði ákvæðum um einkunnagjöf á iðnbrautum í reglugerð um iðnfræðslu - þannig að skólum sé í sjálfsveld sett hvort einkunnir eru gefnar í tölustöfum eða bókstöfum.
- e) Skólameistari skýrði frá undirbúningi að væntanlegum NÁMSVÍSI þriggja fjölbrautaskóla - á Akranesi, í Hafnarfirði (Flensborg) og á Suðurnesjum. Mun hann koma í stað Fjölvísis sem út var gefinn í maímánuði 1977 en nú er uppurinn enda úreltur að mestu.

5. Önnur mál.

- a) Ingvar Jóhannsson spurðist fyrir um hvaða reglur gildi um reykingar nemenda. Skólameistari upplýsti að heimilt sé að reykja þar sem reykstampar eru. Samþykkt var að endurskoða þetta fyrirkomulag þegar matsalur á neðri hæð verður tilbúinn.
- b) Egir Sigurðsson spurði hvort tímasett væri hvenær aðstaða kennara verði bætt með fyrirhuguðu kennarahúsnæði. Skólanefnd reyndist sammála um að ekkert sé því til fyrirstöðu að hefja verkið þegar í stað ef iðnaðarmenn fást til þess að vinna það þótt vinnulaun verði ekki greidd fyrr en á næsta ári.

Fleira var ekki á dagskrá.

Fundi slitið.

(Jón Böðvarsson og Jón Hólmgeirsson skráðu fundargerð)

Bæjarstjórnin í Grindavík

Víkurbraut 42 - Pósthólf 60 - Sími 8111

Grindavík 9. október 1978.

Til skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Á fundi bæjarstjórnar Grindavíkur 4. þ.m. voru erfiðleikar nemenda frá Grindavík í F.S. vegna strjálra ferða til og frá skólanum ræddir. Tilfni þessarar umræðu var bréf sem nemendur höfðu sent bæjarstjórninni varðandi mál þetta og fylgir hér í ljósríti.

Bæjarstjórnin var sammála um að ferðir væru svo fáar á á vegum skólans að óviðunandi yrði að teljast og var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Bæjarstjórnin samþykkir að fara þess á leit við skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja, að hún sjái til þess að ferðum verði fjölgað frá Keflavík til Grindavíkur þannig að bætt verði við 4 ferðum í viku þ.e. kl. 16¹⁰ mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.“

Þessu er hér með komið á framfæri við yður í von um skjótar úrbætur.

Með bestu kveðjum,

BÆJARSTJÓRNIN
Í GRINDAVÍK
[Handwritten signature]